



Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Ísafjarðarbær  
MÖTTEKID

21. feb. 2020

Málsnr. \_\_\_\_\_  
Frumrit - skiliðst í skjalasafn

Efni: Flutningur Maríu Júlíu - 2018050072

Þann 23. janúar sl. átti ég fund með hafnarstjórn vegna málefna Maríu Júlíu sem er eign safnsins og Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti. Skipið hefur legið í höfn hér á Ísafirði býsna lengi og beðið þess að fjármagn kæmi til lagfæringa. Ekkert hefur orðið að því enn sem komið er en enn er unnið að lausn þeirra mála. Það er ljóst að skipið tekur dýrmætt hafnarpláss og safnið greiðir af skipinu rafmagn og gjöld. Í ljósi þess að ástand skipsins fer versnandi og hætta er á að það sökkvi, er æskilegt að því verði fundinn nýr staður þar sem það verður í sjó án þess að taka bryggjupláss.

Erindi mitt er að fá heimild til að setja skipið upp í Suðurtanganum sbr. meðfylgjandi mynd sem og fyrirgreiðslu vegna málsins. Þarna er renna sem hægt er að dýpka og draga skipið upp í og þar með er tryggt að sjór liggi að því. Þessari aðgerð fylgir einhver kostnaður sem ekki er gert ráð fyrir í áætlunum safnsins þar sem þessi lausn lá ekki fyrir á síðasta ári. Ísafjarðarhöfn mun aðstoða okkur en kaupa þarf þjónustu við að draga skipið upp sem og vinnu við skurðinn sjálfan. Við áætlum að sá kostnaður geti verið um 300.000 og fer ég þess á leit við bæjarstjórn að hún leggi safninu til það fé umfram rekstrarfé ársins.

Það er enn unnið í að finna leiðir til fjármögnum á lagfæringum á Maríu Júlíu en vonandi kemur niðurstaða til með að liggja fyrir í lok þessa árs.

Ísafirði 12. febrúar 2020

Jóna Símonía Bjarnadóttir

forstöðumaður

